

Ed. 110. Frumvarp til laga [106. mál]

um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna dagvistunar barna á forskólaaldri.

Flm.: Ásmundur Stefánsson.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum 8000 kr. á mánuði vegna hvers barns á almennu dagheimili og fasta krónutölu sem sé sama hlutfall kostnaðar vegna barna á vöggustofum og leikskólum. Fjárhæðin skal endurskoðuð miðað við hækkun framfærsluvísitölu frá 1. nóv. 1987.

2. gr.

Greiðsla skv. 1. gr. skal háð því að um fullnægjandi dagvistarþjónustu sé að ræða að mati menntamálaráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélag leggi fram minnst sömu fjárhæð og ríkissjóður.

3. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag greiðslnanna og fjárhæðir vegna mismunandi dagvistarforma. Ráðuneytinu er einnig heimilt að takmarka framlögin ef tekjur foreldra fara fram úr ákveðnu skilgreindu marki.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal greiðsla á fyrstu 12 mánuðum eftir gildistöku laganna vera 2000 kr. á mánuði vegna barns á almennu dagheimili, 4000 kr. næstu 12 mánuði og 6000 kr. næstu 12 mánuði þar á eftir.

Greinargerð.

Þær tilraunir, sem til þessa hafa verið gerðar til þess að bæta úr brýnni og vaxandi þörf fyrir dagvistun barna á forskólaaldri, hafa hingað til skilað takmörkuðum árangri, sbr. samkomulag ASÍ við ríkisstjórnina 1980.

Á undanförnum árum hefur atvinnuþátttaka giftra kvenna aukist mikið og stöðugt fleiri giftar konur með börn vinna fullan vinnudag og jafnvel verulega eftirvinnu. Samhliða aukinni atvinnuþátttöku kvenna og lengri vinnudegi þeirra hefur vinnudagur karla frekar lengst. Tölur um þessi efni hafa oft verið raktar í almennri umræðu og verða því ekki endurteknar hér.

Þó veruleg aukning hafi orðið á dagvistarþjónustu bendir því margt til þess að þörfin fyrir dagvistun hafi aukist meira en nemur aukningu þjónustu og vandinn hafi því vaxið frá ári til árs. Sífellt fleiri foreldrar lenda í erfiðleikum með að koma börnum sínum í dagvistun og það er ljóst að leikskólar eru í vaxandi mæli lausn að hluta fyrir fullvinnandi foreldra.

Börnin verða fórnarlömb ófullkominnar þjónustu og eru þannig með skaðlegum hætti látin axla hluta af kostnaðinum við atvinnuþátttöku beggja foreldra.

Verkaskiptingu heimilanna er þannig háttað í íslensku þjóðfélagi að umönnum barna er yfirleitt verkefni kvenna og aðstaða þeirra til atvinnuþátttöku er því mjög háð því hvernig dagvistarþjónustan er. Nú á tímum örra breytinga skiptir ekki síst máli að starfstími geti verið sem samfelldastur og að konum gefist tækifæri til að koma sér fyrir á vinnumarkaði án þess að hafa verulegar áhyggjur af umönnun barna.

Næg og góð dagheimili fyrir alla sem þess óska er setning sem með svipuðu orðalagi finnst líklega á stefnuskrám allra stjórn málaflokka. Það er ekki lengur um það deilt að dagheimili eru nauðsynlegar stofnanir. Þrátt fyrir samstæðan pólitískan vilja hefur þó ekki miðað sem skyldi. Ástæðan er án efa sú sama og á ýmsum öðrum sviðum félagslegrar þjónustu. Dagvistarheimili kosta mikið fé, bæði bygging og rekstur.

Rekstrarkostnaður almenns dagheimilis er um 19 þús. kr. á mánuði á hvert barn, og við það má bæta hátt í 5 þús. kr. vegna fjárfestingar. Samanlagt er því kostnaður á barn á mánuði nærri 24 þús. kr.

Fjöldi barna í hverjum árgangi á forskólaaldri er um fjögur þúsund. Ef þau væru öll á dagheimili yrði heildarkostnaðurinn því 96 millj. kr. á mánuði, eða 1152 millj. kr. á ári. Ef helmingur þeirra væri á dagheimili yrði kostnaður þannig 570–580 millj. kr. á ári vegna hvers árgangs. Dagheimilisárgangarnir eru fimm og kostnaður vegna þeirra allra yrði þá nálægt 2,9 milljörðum króna.

Vistun barna á vöggustofum er dýrari en á almennum dagheimilum. Að auki kemur kostnaður vegna þeirra tveggja árganga sem þurfa á vöggustofuþjónustu að halda.

Leikskólar eru mun dýrari en dagheimili, en einnig þarf að taka tillit til þess kostnaðar sem þeim fylgir.

Pegar allt er dregið saman er því ekki ólíklegt að heildarkostnaður við vistun barna á forskólaaldri gæti verið um 4 milljarðar króna á ári sé þjónustunni ætlað að mæta þörf.

Það kerfi sem við búum við nú er í grófum dráttum þannig að foreldrar greiða um 6 þús. kr. á mánuði vegna barns á almennu dagheimili og sveitarfélagið það sem á vantar af rekstrarkostnaðinum (13 þús. kr.) og nú samkvæmt síðustu ákvörðun einnig allan fjárfestingarkostnaðinn (5 þús. kr.). Sé um að ræða svonefnda forgangshópa eru greiðslur foreldra lægri og greiðslur sveitarfélagsins að sama skapi hærri.

Sé hins vegar skoðað hvað kemur í hlut ríkis og hvað í hlut sveitarfélags af skattgreiðslum maka sem aflar tekna, er niðurstaðan eftirfarandi samkvæmt útreikningi Sigurðar Snævarr á Þjóðhagsstofnun (upphæðir í þúsundum króna):

Tekjur	30 000	40 000	50 000
Skattgreiðslur:			
Til sveitarfélags	2 000	3 000	4 000
Til ríkis	0	8 000	17 000
		<hr/>	<hr/>
Samtals	2 000	11 000	21 000

Hér er tekið tillit til beinna skatta og óbeinna.

Pegar framangreindar tölur eru skoðaðar er augljóst að það er fráleitt að sveitarfélögum skuli ætlað að axla allan kostnað hins opinbera af útvinnu beggja foreldra. Það er réttlætiskrafa að ríkið axli verulegan hluta kostnaðarins. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að ríkið leggi fram einn þriðja kostnaðar við dagvistunina. Samkvæmt framansögðu gæti verið um að ræða um 1300 millj. kr. á ári. Fjárhæðin er það stór að ekki er raunhæft að ætla

að hún verði öll tekin inn á fjárlög í einu lagi. Þess vegna er gert ráð fyrir fjögurra ára aðlögunartíma í frumvarpinu.

Dæmið sýnir hins vegar einnig að ef tekjur viðkomandi eru 50 þús. kr. á mánuði, fær ríkið í sinn hlut meira en svarar til kostnaðar ríkisins vegna tveggja barna á almennu dagheimili. Það er því engan veginn ósanngjarnt að gera þessa kröfu til ríkissjóðs.

Dæmið sýnir líka að ef ríkið tæki ákvörðun um að greiða fólki fyrir að vera heima og gæta barna sinna, er sú ákvörðun kostnaðarsöm, ekki bara vegna kostnaðar við greiðsluna, heldur enn frekar vegna þess tekjutaps sem ríkið yrði fyrir vegna minni skatttekna. Þá hefur auðvitað ekki verið tekið tillit til þess hvaða vandræðum það mundi valda á vinnumarkaði ef fjöldi kvenna hyrfi frá störfum.

Með því fyrirkomulagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir fengju sveitarfélögin rekstrarstyrk í fastri krónutölu á hvert barn, þó breytilegan eftir því hvort um er að ræða almenn dagheimili, vöggustofu eða leikskóla.

Enginn vafi er á því að það fyrirkomulag sem frumvarpið gerir ráð fyrir væri hvetjandi fyrir sveitarfélögin og gæfi þeim nýja möguleika til þess að stórauka þá þjónustu sem veitt er.

Þegar barn er tekið á dagheimili er verið að veita hvort tveggja í senn, þjónustu og styrk. Það virðist rökrétt miðað við umræður í þjóðfélaginu í dag, sbr. húsnæðismála- umræðuna, að kannað sé hvernig koma megi því við að sá styrkur sem veittur er sé skertur ef tekjur eru miklar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ríkissjóði er gert að greiða sveitarfélögum fasta krónutölu 8000 kr. á mánuði miðað við verðlag 1. nóvember 1987 vegna hvers barns á almennu dagheimili. Krónutalan miðast við það að ríkissjóður greiði um einn þriðja heildarkostnaðar við dagvistunina. Það er ljóst að kostnaður við hvert barn á vöggustofu er meiri en kostnaður við hvert barn á almennu dagheimili. Kostnaður er aftur á móti minni við hvert barn á leikskóla. Til að tryggja að hlutfall ríkisins af kostnaði haldist á verðbólgutímum er gert ráð fyrir því að greiðsla ríkissjóðs framreiknist miðað við breytingu framfærsluvísitölu.

Um 2. gr.

Greiðsla ríkissjóðs er skilyrt því að dagvistarþjónustan sé metin fullnægjandi og jafnframt er gert tilkall til þess að viðkomandi sveitarfélag leggi fram minnst sömu fjárhæð og ríkið. Sé tekið mið af því sem algengt virðist í dag, þ.e. 6 þús. kr. greiðslu frá foreldrum, yrði kostnaður sveitarfélagsins vegna hvers barns nálægt 10 þús. kr. á mánuði ef fjárfestingarkostnaður (5 þús. kr.) er talinn með og nokkru hærri þegar um svonefnda forgangshópa er að ræða. Með hagkvæmum rekstri yrði kostnaður minni og nyti sveitarfélagið þeirrar hagkvæmni. Föst krónutala er því líklegri en hlutfallsleg greiðsla til að auka hagkvæmni.

Um 3. gr.

Það er nauðsynlegt að ráðuneytið hafi heimild til að setja reglur um greiðslufyrirkomulag og til ákvörðunar á fjárhæðum vegna barna á vöggustofum og leikskólum.

Ef ákvæðið verður að láta tekjuháa foreldra greiða hærri dagvistargjöld en þeir tekjulægri greiða er eðlilegt að ríkið fái einhverja hlutdeild í þeim sparnaði sem í því væri fólgin fyrir það opinbera í heild. Ákvæðið um mismunandi greiðslur foreldra er ef til vill of opið og hugsanlegt væri að fela ríkisstjórninni fremur en einum ráðherra þessa heimild eða að inn í lögin komi bein ákvæði um fyrirkomulagið.

Þegar lög þessi ná að koma að fullu til framkvæmda má áætla að kostnaður ríkissjóðs gæti orðið um 1300 millj. kr. Þess vegna er aðlögunartími óhjákvæmilegur. Þó greiðsla sé fyrsta árið einn fjórði fullrar greiðslu yrði kostnaður ríkissjóðs fyrstu 12 mánuðina trúlega langt undir 325 millj. kr., sem er einn fjórði af 1300 millj. kr., vegna þess að mikið vantar á að dagvistarheimili séu jafn mörg og hér er gert ráð fyrir. Hve langur tími líður þangað til kostnaðurinn nær því sem hér er gert ráð fyrir fer eftir því hve rösklega verður gengið fram í uppbyggingu dagvistarheimila. Einnig er rétt að vekja athygli á því að mikil óvissa ríkir um það hve stór hluti barna í hverjum árgangi muni leita eftir þjónustu ef öllum börnum býðst aðstaða.